

Dags eftirlits	29.10.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Stjörnugrís hf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Saltvík 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600667-0179	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Geir G. Geirsson	ÍSAT nr.	01.46.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Rekstraraðili hefur ekki skilað inn BAT niðurstöðum fyrir ammóníak fyrir árið 2024. 2) Rekstraraðili hefur ekki skilað inn BAT niðurstöðum fyrir köfnunarefni og fosfór fyrir árið 2024. Eitt eldra frávik var opið síðan úr eftirliti árið 2023 fyrir árið 2022. Engir útreikningar eða greining samkvæmt BAT hefur verið framkvæmd á heildarmagni köfnunarefnis og fosfórs sem losað er sem úrgangsefni né losun ammóníaks í andrúmsloft.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Stjörnugrís á Brautarholti. Rekstraraðila er heimilt að reka svínabú með stæði fyrir allt að 4.000 eldissvín, þ.e. alisvín frá 30 kg líffþyngd.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Umfang starfseminnar, farið yfir starfsleyfi og minnt á skil skv. því
- Áhættumat
- Lyktarstjórnun, mælingar
- Dreifing áburðar
- Áætlanir
- Kvartanir
- Vettvangsferð
- Fylgiskjöl

1. Þrjú frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og tvær ábendingar voru settar fram. Frávikunum hefur verið lokað og brugðist var við ábendingunum. Eitt eldra frávik var opið síðan úr eftirliti árið 2023 fyrir árið 2022. Engir útreikningar eða greining samkvæmt BAT hefur verið framkvæmd á heildarmagni köfnunarefnis og fosfórs sem losað er sem úrgangsefni né losun ammóníaks í andrúmsloft.

2. Fjöldi svína í búinu er stöðugur og undir 2.900. Grænu bókhaldi, ársyfirliti og útstreymisbókahldi var skilað inn fyrir 1. maí 2025. Rekstraraðili er með umhverfismarkmið og er að vinna við uppsetningu á umhverfisstjórnunarkerfi.

3. Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

4. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn útreikningum á losun á köfunarefni og fosfórs skv. BAT fyrir árið 2024 og er það frávik frá gr. 4.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn útreikningum á heildarlosun fyrir árið 2024 á ammóníaki í andrúmsloftið og er það frávik frá gr. 4.2 í starfsleyfi.

5. Rekstraraðili er með samninga við bændur um áburðardreifingu.

6. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar eru til staðar. Rekstraraðili er með lyktarstjórnaráætlun, eftirlitsaðili óskaði eftir uppfærðri áætlun fyrir haustið. Rekstraraðili er með gilda tryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og var skirteini því til staðfestingar sent eftirlitsaðila að eftirlitinu loknu.

7. Lyktakvartanir hafa borist frá síðasta eftirliti.

8. Farið var í skoðunarferð á Brautarholt og aðstæður skoðaðar, engar athugasemdir voru gerðar í skoðunarferðinni.

9. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 3.3 í starfsleyfi.	Árlega skal mæla losun köfnunarefnis og fosfórs úr húsdýraáburði skv. BAT-niðurstöðum. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn BAT niðurstöðum fyrir köfnunarefni, fosfór fyrir árið 2024.
gr. 3.7 í starfsleyfi.	Árlega skal mæla og losun ammóníaks við eldishús skv. BAT-niðurstöðum. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn BAT niðurstöðum fyrir ammóníak fyrir árið 2024.

ÁBENDINGAR

Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

1) Rekstraraðila var bent á að uppfæra áætlanir.

2) Rekstraraðila var bent á að rykmæla í kringum eldishúsin til að geta metið ryklosun.

3) Rekstraraðili var minntur á úrskurð úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála frá 18. ágúst 2025. Úrskurðarnefndin bætti ákvæði við starfsleyfi rekstraraðila þess efnis að rekstraraðili skuli eigi síðar en 1. september 2026 láta leyfisveitanda í té upplýsingar um áætlaða lyktarlosun frá starfsemi sinni og áætlaða dreifingu hennar, til dæmis með því að styðjast við OML-módel dönsku umhverfisstofnunarinnar. Við þessa áætlun verði tekið mið af sammögnunaráhrifum af öðru þauleldi á sama stað, sé talið að þeim sé til að dreifa. Í síðasta lagi skal rekstraraðili á þeim sama tíma láta leyfisveitanda í té aðgerðaáætlun þar sem lýst sé þeim tæknilegu og efnahagslegu möguleikum sem hann hafi til þess að draga á trúverðugan hátt úr lyktarmengun frá starfsemi sinni. Leyfisveitandi skal endurskoða starfsleyfi þetta í framhaldi af þessu, telji hann tilefni til þess.

4) Rekstraraðili var minntur á úrskurð úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála frá 18. ágúst 2025. Úrskurðarnefndin bætti ákvæði við starfsleyfi rekstraraðila þess efnis að rekstraraðili skuli eigi síðar en 1. september 2026 gera grein fyrir því landrými sem bú hans hafi til ráðstöfunar eða geti fengið hjá öðrum til ráðstöfunar og hvernig það verði nýtt til áburðargjafar þannig að tekið sé mið af köfnunarefnisinnihaldi mykju og gróðurfari sem og hvernig tryggður verði annar farvegur til förgunar sé landrými ekki nægjanlegt. Þá skal rekstraraðili jafnframt gera grein fyrir hvaða tækni sé aðgengileg á búi hans í því skyni að draga úr lyktarmengun við dreifingu áburðar sem lýst er í BAT-20 til BAT-22, þ.m.t. varðandi fjarlægðarmörk frá landareignum annarra aðila, ef við á. Leyfisveitandi skal endurskoða starfsleyfi þetta í framhaldi af þessu telji hann tilefni til þess.”

Reykjavík, 20.01.2026

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir